



## Stjórnarfundur UÍA

**Haldinn á Egilsstöðum, miðvikudagur 08.09.2021 kl: 17:00**

Mætt eru Benedikt Jónsson formaður, Gunnar Gunnarsson framkvæmdarstjóri, Þórunn María Þorgrímsdóttir, Guðjón Magnússon og Þorbjörg Ólöf Jónsdóttir

### Dagskrá

- **Síðasta fundargerð**
- **TDO**
- **Sambandsþing UMFÍ á Húsavík**
- **Verkefni fram undan**
- **Önnur mál**

### Síðasta fundargerð

Samþykkt samhljóða

### Tour De Ormurinn

Samtals voru 54 keppendur sem tóku þátt í brautinni. Nokkrar afbókanir voru síðustu dagana fyrir keppnina. Mótið í heild sinni gekk vel þrátt fyrir sóttkví lykilstarfsmanna sólarhring fyrir mót.

Ef styttri hringurinn væri lagður bundnu slitlagi þá er möguleiki á að hann yrði hluti af mótarið. Búið er að bjóða út verkið og vonast er til þess að því verki yrði lokið fyrir mótið á næsta ári.

Mikilvægt er að fara vel yfir hlutverk sjálfboðaliða fyrir keppni. Gott er að setja niður á blað hver hlutverkin eru.

Gott er að hafa veitingar í marki aðgengilegri og aðeins meira aðlaðandi.

### Sambandsþing UMFÍ á Húsavík

Gert er ráð fyrir að 5 – 7 manns fari frá UÍA.

### Verkefni framundan

- **Ólympíuhlaup** (áður Norræna skólahlaupið) verður startað í Grunnskóla Reyðarfjarðar.
- **ÍSí** fær styrk frá Erasmus til að koma með ýmiskonar fræðslu til aðildafélaganna. Uppleggið er að fræðslan fari fram 23.09 – 30.09 sem er frekar stuttur fyrirvari.
- **Sportabler** – Felix er á leiðinni út og Sportabler er að taka við. Það hefur ekki komið fram hvað felst í samningi UMFÍ við Sportabler. Mikilvægt er að fá þessar upplýsingar.
- **Snæfell** – útgáfa á því er í nóvember. Hugmynd er að hafa afmælisrit þar sem að fjallað verður um hápunkta sl. 80 ár. Héraðsskjalasafnið ætti að vera með öll gömlu blöðin og hægt að leita til þeirra með að finna efni. Þá væri hægt að fjalla um árangur kvennaliðs Austurlands.

### Önnur mál

- **80 ára afmæli UÍA** – Stefnt er að því halda afmælisveislu á næsta ári, annað hvort í tengslum við afmælisdaginn (27.06) eða sumarhátíð UÍA.
- **Sprettur** – afreksstyrkur Alcoa og UÍA. Alcoa er að hætta með samfélagsstyrkina sína og ekki hafa komið neinar upplýsingar frá Alcoa hvaða áhrif það hefur á Sprett.

Næsti fundur verður þriðjudaginn 12.10. kl. 17:00.

Fundi slitið kl. 18:08

Fundargerð ritaði Þorbjörg Ólöf Jónsdóttir